

# ÁRSSKÝRSLA RANNSÓKNARNEFNDAR FLUGSLYSA 2006



Útgefandi: Rannsóknarnefnd flugslýsa

ÁRSSKÝRSLA  
RANNSÓKNARNEFNDAR  
FLUGSLYSA  
2006

## EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	5
Rannsóknarnefnd flugslysa.....	7
Skýringar hugtaka.....	8
Yfirlit viðfangsefna ársins 2006.....	13
Rannsóknir flugslysa og alvarlegra flugatvika 2003-2006.....	14
Atvik sem urðu árið 2003.....	15
Hafnaði þvert á öryggissvæði utan flugbrautarenda í landingu.....	15
Atvik sem urðu árið 2004.....	16
Brunalykt í farþegarými.....	16
Farþegi slasaðist vegna ókyrrðar í flugi.....	16
Hlekkist á í flugtaki.....	17
Snúið við eftir flugtak vegna bilunar í stjórnþækjum.....	18
Hlekkist á í landingu.....	18
Hlekkist á í flugtaki.....	19
Strokkur losnaði af á flugi.....	20
Nefhjólslabúnaður gaf sig í landingu.....	20
Hjól losnaði af í flugtaki.....	20
Reykur og hitalykt í farþegarými.....	21
Atvik sem urðu árið 2005.....	22
Hætt við flugtak vegna titrings.....	22
Reykjarlykt í flugstjórnarklefa.....	23
Hlekkist á í landingu – Hreyfilhlíf snerti flugbrautina.....	24
Stélkastaðist í landingu.....	25
Fór fram af flugbrautarenda í landingu.....	26
Hlekkist á í flugtaki – Hætti við flugtak.....	26
Hlekkist á í snertilendingu – Stél rakst í flugbrautina.....	27
Stél rakst í flugbrautina í flugtaki.....	28
Drepið á hreyfli skömmu eftir flugtak.....	28
Hreyfill missti afl.....	29
Lenti með hjólabúnað að hluta til uppi.....	30
Farartæki á flugbraut í landingu.....	31
Ókyrrð.....	32
Hreyfill stöðvaðist í farflugi.....	32
Reykur í flugstjórnarklefa.....	32
Lenti á upptekinni flugbraut.....	33
Atvik sem urðu árið 2006.....	34
Hreyfilbilun.....	34
Reykur í flugstjórnarklefa.....	34

Viðvörðunarkerfi um eld í hreyflum.....	34
Viðvörðun úr jarðvara og ókyrrð í aðflugi til Ísafjarðar .....	35
Hjólábúnaður og dekk skemmdust í landingu.....	36
Ók á aðra flugvél .....	36
Hætt við flugtak .....	37
Viðvörðunarljós um reyk/eld í farangursrými .....	37
Nauðlending .....	38
Ók á rafmagnskassa .....	38
Hlekkist á í landingu .....	39
Hlekkist á í landingu .....	40
Aðskilnaðarmissir .....	41
Driftskaft á þyrlu skemmdist .....	42
Ók á hlið .....	42
Hlekkist á í landingu .....	42
Talstöðvarsamband náðist ekki við flugvél.....	43
Missti afl í flugtaki.....	43
Viðvörðun frá jarðvara í aðflugi til landingar .....	44
Fór fram af flugbrautarenda í landingu .....	44
Árekstur við ljósabúnað á jörðu .....	44
Hurð fyrir hjólábúnað féll af .....	45
Fráhvarfsflug vegna hallageisla.....	45
Hlekkist á í landingu .....	45
Aðskilnaðarmissir við Keflavíkurflugvöll .....	46
Aðskilnaðarmissir við Keflavíkurflugvöll .....	47
Aðskilnaðarmissir við Reykjavíkurflugvöll.....	47
Hlekkist á í landingu .....	47
Hlekkist á í flugtaki .....	47
Braut neflendingarbúnað .....	48
Hlekkist á í landingu .....	48
Brotlenti í nauðlendingaræfingu .....	49
Truflun í miðlínusendi á Keflavíkurflugvelli .....	50
Reykur í flugstjórnarklefa .....	51
Hlekkist á í landingu .....	52
Bilun í upplýsingabúnaði fyrir hreyfla.....	52
Aðskilnaðarmissir í lokaaðflugi.....	52
Rann útaf braut í akstri vegna háلكu.....	53
Felgur brotnuðu í landingu .....	53
Hlekkist á í landingu .....	54
Tillögur um Úrbætur í flugöryggismálum .....	55
Tillögur um Úrbætur í flugöryggismálum .....	58
flugbrautir skoðaðar með leysigeislabúnaði .....	58
Skráð flugslys og rannsókuð flugatvik síðastliðin 10 ár .....	61
Yfirlit yfir dauðaslys á íslensk skráðum loftförum.....	71
Tölulegar upplýsingar um flugslys og alvarleg flugatvk .....	75
Flugstundir, flugslys og alvarleg flugatvik á íslensk skráðum loftförum 1987 - 2006.....	76
Greining á fjölda viðfangsefna Rannsóknarnefndar flugslysa .....	77
Greining á banaslysum í flugi.....	78

## INNGANGUR

Ársskýrsla Rannsóknarnefndar flugslysa (RNF) er nú gefin út í ellefta sinn en hún kom fyrst út fyrir árið 1996. Núgildandi lög um rannsókn flugslysa (lög nr. 35/2004) tóku gildi þann 1. september 2004. RNF var sett á laggirnar með sérstökum lögum árið 1996 og tók til starfa 28. júní það sama ár. Fyrirrennari hennar var Flugslysanevnd sem starfaði frá árinu 1968 til 1996 og hóf útgáfu ársskýrslu árið 1984, en sú ársskýrsla tók einnig til rannsókna sem Flugmálastjórn framkvæmdi.

Í ársskýrslunni eru birtar greinar um þau atvik sem urðu á árinu 2006 ásamt útdrætti og niðurstöðum rannsókna á eldri atvikum og slysum. Geta verður þess að ekki er auðvelt að stytta slíkar skýrslur án þess að sleppa einhverjum atriðum sem skýra málið og getur því í einstökum tilfellum orðið erfiðara að fá heildarmynd af atburðarásinni. Því er ráðlegt fyrir þá sem vilja kynna sér tiltekin mál betur að leita þeirra á vefsvæði RNF (<http://www.rnf.is>) þar sem skýrslurnar eru birtar í heild sinni.

Eins og áður er útdrátturinn á ensku ef skýrslan var gefin út á ensku. Einnig eru í ársskýrslunni tölfraðilegar upplýsingar svo og tillögur sem RNF gerði til úrbóta í flugöryggismálum á liðnu ári. Jafnframt er greint frá því hvaða afgreiðslu þær hafa hlotið hjá flugmálayfirvöldum eða öðrum aðilum sem þeim var beint til.



## RANNSÓKNARNEFND FLUGSLYSA

Rannsóknarnefnd flugslysa (RNF) starfar samkvæmt lögum um rannsókn flugslysa nr. 35/2004.

Stofnunin starfar sjálfstætt og óháð stjórnvöldum og öðrum rannsóknaraðilum, ákærvaldi og dómstólum. Hún heyrir stjórnábylgju undir samgönguráðherra.

Á árinu 2006 skipuðu nefndina þrjú nefndarmenn:

- Geirprúður Alfreðsdóttir, flugstjóri og véla-  
verkfræðingur, formaður nefndarinnar til 31. ágúst.
- Hallgrímur A. Viktorsson, flugstjóri, formaður  
nefndarinnar frá 1. september
- Ragnar Guðmundsson, flugvélafræðingur
- Ólafur Haraldsson, hæstaréttarlögmaður

og þrjú varamenn:

- Bryndís Lára Torfadóttir, flugstjóri,
- Páll Valdimarsson prófessor í vélaverkfræði
- Hörður Arilíusson, flugumferðarstjóri

Á árinu 2006 urðu formannsskipti í nefndinni. Geirprúður Alfreðsdóttir hóf störf sem flugrekstrarstjóri hjá Landhelgisgæslu Íslands og lét þá af störfum sem formaður Rannsóknarnefndar flugslysa. Hallgrímur A. Viktorsson flugstjóri tók við formennsku af Geirprúði þann 1. september 2006.

Forstöðumaður og rannsóknarstjóri

- Þorkell Ágústsson, verkfræðingur M.Sc.
- Aðstoðarforstöðumaður og aðstoðarrannsóknarstjóri
- Bragi Baldursson, flugvélafræðingur M.Sc.

Eyrún Stefánsdóttir starfaði sem móttökuritari á skrifstofu nefndarinnar.

Skrifstofa RNF er á 2. hæð húss Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík við Flugvallarvegavíkurlugvelli. Skrifstofan er opin frá kl. 09:00 til kl. 16:00 virka daga. Utan skrifstofutíma eru mögulegt að hafa samband í bakvaktarsíma RNF í símanúmer 660-0336.

Heimilisfang nefndarinnar er:

**Rannsóknarnefnd flugslysa**

**Hús FBSR**

**Við Flugvallarveg,**

**101 Reykjavík**

Sími á skrifstofutíma.....511 1666

Bréfasími.....511 1667

**Bakvaktarsími utan skrifstofutíma ..... 660 0336**

Netfang RNF .....[rnf@rnf.is](mailto:rnf@rnf.is)

Vefur RNF .....[www.rnf.is](http://www.rnf.is)

Netföng starfsmanna:

- [bragi@rnf.is](mailto:bragi@rnf.is)
- [thorkell@rnf.is](mailto:thorkell@rnf.is)
- [eyrun@rnf.is](mailto:eyrun@rnf.is)

Á vefsíðu RNF er meðal annars að finna lög og reglugerðir sem varða nefndina og störf hennar, svo og eyðublöð fyrir tilkynningar. Á vefsíðunni er einnig að finna ársskýrslur RNF, svo og þær rannsóknarskýrslur sem nefndin hefur gefið út.

## SKÝRINGAR HUGTAKA

Þegar eftirfarandi hugtök eru notuð í skýrslu þessari, þá hafa þau þá merkingu, er hér greinir:

### Aðili máls

Sá eða þeir sem rannsókn leiðir í ljós að geti hafa átt þátt í því að flugslys varð að mati nefndarinnar.

### Afkastageta flugvélar (Aeroplane performance):

Útreiknaðir og prófaðir eiginleikar flugvélar að því er varðar getu og takmörk hennar á öllum stigum flugs, við aðstæður sem hún kann að vera starfrækt við.

### Almannaflyg (General aviation operation):

Starfræksla loftfars, sem hvorki telst flutningaflug né verkflug.

### Alvarlegt flugatvik (Serious incident):

Með alvarlegu flugatviki er átt við flugatvik sem verður við aðstæður sem benda til þess að nær hafi legið við slysi. Sjá nánar í reglugerð Nr. 80 um rannsókn flugslysa.

### Alvarleg meiðsli (Serious injury):

Áverkar sem maður verður fyrir í slysi, og:

1. veldur lengri en 48 klst. sjúkrahúsvist, sem hefst innan 7 daga frá þeim degi, er áverkinn varð, eða
2. veldur beinbroti (þó eru undanþegin lokuð brot fingra, taa og nef), eða
3. innifela skurðsár, er hafa í för með sér alvarlegar blæðingar eða skemmdir á taugum, vöðvum eða hásinum, eða
4. innifela áverka á eitthvert innra líffæri, eða
5. innifela annars- eða þriðjastigs bruna eða bruna, er þekur meira en 5% af yfirborði líkamans, eða
6. innifelur svo staðfest sé, að viðkomandi hafi orðið fyrir áhrifum sýkjandi efnis eða skaðlegri geislavirkni.

### Atvinnuflug (Commercial aviation):

Flugstarfsemi, sem stendur almenningi til boða gegn gjaldi.

### Áfangaskýrsla (Progress report, preliminary report):

Skýrsla sem varðar flugöryggi og rannsóknarnefnd flugslysa gefur út áður en rannsókn máls er lokið, til þess að koma upplýsingum á framfæri við flugmálayfirvöld og málsaðila.

### Banvæn meiðsl (Fatal injury):

Áverkar, sem maður verður fyrir í slysi og veldur dauða innan 30 daga frá slysinu.

### Blindflug (IFR-flight):

Flug samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

### Blindflugsskilyrði (Instrument meteorological conditions, IMC):

Veðurskilyrði neðan við lágmark sjónflugsskilyrða, tilgreind sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahæð.

### Einkaflug (Private flight):

Flugstarfsemi sem stunduð er fyrst og fremst ánægjunnar vegna, eða til öflunar frekari réttinda, og ekkert endurgjald kemur fyrir. Það telst jafnframt einkaflug, ef maður flýgur í tengslum við starf sitt og hefur ekki hagnað af rekstri loftfarsins, né fær sérstaklega greitt fyrir að stjórna því. Það telst ekki endurgjald þótt aðilar skipti með sér beinum kostnaði vegna loftfarsins.

### Fartími (Flight time):

Allur tíminn frá því að loftfar hreyfist af stað fyrir eigin afli í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að afloknu flugi. Hann er talinn frá því að loftfar hreyfist frá þeim stað sem það er fermt þar til það nemur staðar til affermingar.

### Flugaðferðahandbók loftfars (Aircraft operating manual):

Handbók sem lýsir aðferðum við starfrækslu ákveðinnar tegundar loftfars við eðlilegar og afbrigðilegar aðstæður og í neyðartilvikum, skilgreinir kerfi þess og hefur að geyma þá gátlista sem nota skal.

### Flugatvik (Incident):

Atvik, annað en flugslys, sem tengist starfrækslu loftfars og hefur áhrif á eða getur haft áhrif á öryggi starfrækslunnar.

### Flughandbók flugvélar (Aeroplane flight manual):

Handbók sem tengd er lofthæfiskrteininu þar sem tilgreint er innan hvaða marka flugvélin er talin lofthæf og þar sem gefnar eru nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir flugiða um örugga starfrækslu flugvélarinnar.



**Flughæð** (Altitude):

Lóðrétt fjarlægð lárétts lags, punkts eða hlutar, sem litið er á sem punkt, mæld frá meðalsjávarmáli (MSL).

**Fluglag** (Flight level):

Flötur með sama loftþrýstingi, sem miðaður er við ákveðið loftþrýstimið, 1013,2 hectopasköl (hPa) og aðgreindur er frá öðrum slíkum flötum af tilteknum loftþrýstingsmun.

**Flugliði** (Flight crew member):

Áhafnarliði sem er handhafi fullgilds skírteinis og falið er starf sem nauðsynlegt er við stjórn og starfrækslu loftfars meðan á fartíma stendur.

**Flugrekandi** (Operator):

Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfara. Flugrekandi þarf tilskilin leyfi samgönguráðuneytis og Flugmálastjórnar til þess að stunda atvinnuflug.

**Flugrekstrarhandbók** (Flight operations manual):

Handbók samþykkt af Flugmálastjórn, en samin af flugrekanda, til notkunar og leiðbeiningar fyrir starfslíð hans um einstök svið og þætti flugrekstrarins.

**Flugriti** (Flight recorder):

Sérhver tegund upptökutækis svo sem hlóðriti (Voice recorder) eða ferðriti (Data Recorder) sem komið er fyrir í loftfari til gagns fyrir rannsókn flugslyss/flugatviks.

**Flugvakt** (Flight duty period):

Tímabil sem hefst þegar starfandi flugverja ber að mæta til vinnu sem felur í sér flug og endar í lok fartíma í lokafluginu þar sem flugverjinn er starfandi flugverji.

**Flugslýs** (Aircraft accident):

Atvik tengt starfrækslu loftfars sem verður frá því að maður fer um borð í loftfarið með þeim ásetningi að fljúga með því og þar til allir eru farnir frá borði og þar sem:

- i) maður lætur lífið eða hlýtur alvarleg meiðsl af völdum þess að:
  - hann var um borð í loftfarinu, eða
  - hann var í beinni snertingu við einhvern hluta loftfarsins, þar á meðal hluta sem hafa losnað frá loftfarinu, eða
  - hann varð fyrir útblæstri þotuhreyfils.

- ii) loftfar verður fyrir skemmdum eða bilun eða brestur verður í burðarvirki þess sem:
  - hefur veruleg áhrif á styrkleika þess, afkastagetu eða flugeiginleika og
  - myndi að öllu jöfnu krefjast mikillar viðgerðar eða þess að skipt væri um viðkomandi íhluta,

nema um sé að ræða hreyfilbilun eða skemmd sem takmarkast við loftskrúfur, vængenda, loftnet, hjólbarða, hemla, hlífar, smádædir eða göt á ytra byrði loftfarsins; eða

iii) loftfars er saknað eða engin leið er að komast að því er týnt eða það er ómögulegt ná til þess.

Sjá nánar í reglugerð Nr. 80 um rannsókn flugslýsa.

**Flugstjóri** (Pilot in command):

Flugmaður sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á fartíma stendur.

**Flugtími** (Time in service):

Sá hluti fartíma sem líður frá þeirri stundu að loftfar lyftist frá yfirborði jarðar þar til það snertir það aftur á næsta landingarstað.

**Flugumferðaratvik** (Air traffic incident):

Flugatvik sem aðallega tengist reglum er varða flugumferðarþjónustu og þar sem loftför fara framhjá hvort öðru í slíkri nánd að hættuástand verður, eða þar sem aðrir erfiðleikar, sem orsakast af ófullnægjandi starfsaðferðum, eða af því að ekki var farið eftir starfsaðferðum, eða af göllum í tækjabúnaði á jörðu, valda því að hættuástand verður.

**Flugverji** (Crew member):

Áhafnarliði sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur, enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

**Flugvöllur** (Aerodrome):

Tiltekið svæði á láði eða legi (að meðtöldum byggingum og búnaði) sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

**Flutningaflug** (Commercial air transport operation):

Starfræksla loftfars sem felur í sér flutninga á farþegum, vörum eða pósti gegn endurgjaldi.

**Gangtími** (Time in service – Viðmiðunartími fyrir viðhaldsskrár):

Hér er átt við þann hluta flugtíma sem líður frá þeirri stundu að loftfar lyftist frá yfirborði jarðar þar til það snertir það aftur á næsta landingarstað.

**Granskoðun** (Overhaul):

Prófanir og/eða framkvæmdir á loftförum eða hlutum þeirra í samræmi við gildandi fyrirmæli og leiðbeiningar sem fela í sér endurnýjun, að nokkru eða öllu leyti, og hafa í för með sér að talning gangtíma hlutaðeigandi loftfara eða hluta til þeirra hefst að nýju frá byrjun.

**Hindrunarlaust klífursvæði** (Clearway):

Skilgreint réttthyrnt svæði, á láði eða legi, sem flugmálastjórn hefur ákvörðunarrétt yfir og valið er eða gert nothæft fyrir flugvél að fljúga yfir, á meðan hún flýgur hluta af fyrsta klifri sínu í ákveðna hæð.

**Kennsluflug** er það þegar loftfar er notað við formlega flugkennslu með flugkennara um borð eða þegar flugnemi flýgur einn undir eftirliti flugkennara.

**Leiguflug** (Charter flight):

Óreglubundið flug til flutnings á farþegum og vörum í loftförum sem hafa hámarks massa meiri en 5700 kg eða sem viðurkennd eru til flutnings á 10 farþegum eða fleiri.

**Lendingarvegalengd** (Landing distance):

Sú lárétta vegalengd frá þröskuldi til þess staðar þar sem hægt er að stöðva flugvél, eftir að hún hefur flogið yfir þröskuldinn í 50 feta (15 m) hæð á þeim hraða sem kveðið er á um í flughandbók eða kröfum um afkastagetu.

**Lítið loftfar** (Small aircraft):

Loftfar sem hefur mestan leyfilegan flugtaksþunga 5700 kg eða minni.

**Loftfar** (Aircraft):

Tæki notað til að flugs og getur verið léttara en loft, eins og t.d. loftbelgur, eða þyngra en loft eins og flugvél. Flest loftför eru knúin áfram með hreyflum, en svifflug og svífðreki nota uppstreymi til að haldast á lofti.

**Nærri árekstur** (Near-collision):

Aðstæður, þar sem staðsetning, flughraði eða vegalengd milli tveggja loftfara var þannig, séð frá sjónarhóli flugumferðarstjóra eða flugmanns, að öryggi þessara loftfara var stofnað í hættu, að því marki að einn flugmannanna varð að gera ráðstafanir til þess að víkja, eða slík ráðstöfun hefði verið viðeigandi.

**Orsakir** (Causes):

Aðgerðir, aðgerðarleysi, atvik eða aðstæður, eða sambland af þessu, sem leiddi til flugslyss eða flugatviks.

**Óreglubundið flug** (Non-scheduled flight):

Flutningaflug sem ekki er starfrækt sem reglubundið flug, þ.e. leiguflug og þjónustuflug.

**Rannsókn** (Investigation):

Ferli athugana sem gerðar eru í því skyni að fyrirbyggja flugslys og flugatvik og felst í því að safna upplýsingum og greina þær, draga af þeim ályktanir, þar á meðal að ákvarða orsakir og setja fram tillögur í öryggisátt þegar það á við.

**Rannsóknarstjóri flugslysa** (Chief inspector of accidents):

Forstöðumaður rannsóknarnefndar flugslysa, sbr. lög nr. 35/2004.

**Reglubundið áætlunarflug** (Scheduled flight):

Með reglubundnu áætlunarflugi er átt við röð flugferða sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- Flugferðirnar eru farnar með loftförum sem ætluð eru til flutnings á farþegum, pósti eða vörum, gegn gjaldi.
- Flugferðunum er ætlað að fullnægja ákveðinni flutningsþörf milli tveggja eða fleiri staða, eftir ákveðinni tímaáætlun, eða ferðirnar eru farnar svo títt og reglulega, að augljóst er að fylgt er ákveðinni áætlun.
- Sérhver flugferð stendur almenningi til boða gegn greiðslu, meðan rými er fánlegt.
- Leyfi til reglubundins áætlunarflugs eru tvenns konar, þ.e. sérleyfi og almennt áætlunarleyfi. Með sérleyfi er átt við einkarétt til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á ákveðinni leið en jafnframt skyldu til að halda uppi föstum áætlunarferðum og fullnægja flutningsþörfinni á hlutaðeigandi leið. Með almennu áætlunarleyfi er átt við leyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á ákveðinni leið án sérleyfis, en jafnframt skyldu til að halda uppi föstum áætlunarferðum og fullnægja flutningsþörf á hlutaðeigandi leið, eins og ráðuneytið metur hana á hverjum tíma.

**Sjónflug** (VFR-Flight)

Flug samkvæmt sjónflugsreglum.

**Sjónflugsskilyrði** (Visual Meteorological Conditions, VMC)

**Stjórnandi rannsóknar** (Investigator in charge):

Maður sem, á grundvelli menntunar og hæfis, ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og stjórn einstakrar rannsóknar.

**Stórt loftfar** (Large aircraft):

Loftfar sem hefur leyfilegan flugtaksþunga meiri en 5700 kg.

**Tillögur í öryggisátt** (Safety recommendations):

Tillögur frá rannsóknarnefnd flugslysa, byggðar á upplýsingum úr tiltekinni rannsókn og settar fram í því skyni að koma í veg fyrir flugslys og flugatvik.

**Tiltæk flugtaksvegalengd** (Take off distance available, TODA):

Lengd tiltæks flugtaksbruns að viðbættri lengd hindrunarlauss klifursvæðis ef séð hefur verið fyrir slíku.

**Tiltæk hröðunar/stöðvunar vegalengd** (Accelerate stop distance available, ASDA):

Lengd tiltæks flugtaksbruns (TORA), að viðbættri lengd tiltæks stöðvunarsvæðis ef séð hefur verið fyrir slíku.

**Tiltæk landingarvegalengd** (Landing distance available, LDA):

Sú lengd flugbrautar sem lýst hefur verið yfir að sé tiltæk og nothæf fyrir brautarbrun flugvélar í landingu. Tiltæk landingarvegalegd byrjar við þröskuldinn og er venjulega lengd flugbrautar með bundnu slitlagi.

**Tiltækt flugtaksbrun** (Take-off run available, TORA):

Sú lengd flugbrautar, sem lýst hefur verið yfir að sé tiltæk og nothæf fyrir brautarbrun flugvélar í flugtaki. Tiltækt flugtaksbrun er venjulega lengd flugbrautar með bundnu slitlagi.

**Verkflug** (Aerial work):

Starfræksla loftfars í sérhæfðri starfsemi og þjónustu svo sem í landbúnaði, byggingavinnu, við ljósmyndun, landmælingar, athuganir og eftirlit úr lofti, leit og björgun, auglýsingaflug o.s.frv.

**Þjónustuflug** (Taxi-flight):

Óreglubundið flug til flutninga á farþegum og vörum í loftförum sem hafa hámarks massa minni en 5700 kg og viðurkennd eru til flutnings á allt að 9 farþegum.



## YFIRLIT VIÐFANGSEFNA ÁRSINS 2006

Árið 2006 barst rannsóknarnefnd flugslysa tilkynningar um 392 frávik í flugi íslenskra loftfara hérlendis og erlendis, svo og í flugi erlendra loftfara um íslenska lögsögu og um íslenska flugstjórnarsvæðið. RNF skoðaði 77 þessara frávíka nánar og voru 41 þeirra skilgreind sem flugslys, flugumferðaratvik eða alvarleg flugatvik og voru því tekin til formlegrar rannsóknar. Á árinu 2006 lauk Rannsóknarnefnd flugslysa gerð rannsóknarskýrslu í 9 málum sem ólokið var í upphafi ársins. Þá lauk nefndin 15 öðrum málum frá árinu 2004 til ársins 2006 með bókun. 12 skýrslur voru gefnar út árið 2006 voru þær vegna eftirfarandi atvika/slysa:

- Flugslys TF-API (Cessna 152) á Akureyrarflugvelli 24.11.2004.
- Flugumferðaratvik í Flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík 8.2.2005.
- Flugumferðaratvik við Reykjavík 23.8.2004.
- Alvarlegt flugatvik TF-ARE (Boeing 757) á Manchester flugvelli 11.6.2005.
- Flugumferðaratvik TF-ELJ (Boeing 737) við Feneyjar á Ítalíu 2.12.2004.
- Alvarlegt flugatvik TF-VEJ (BN2B-20) á Selfosflugvelli 31.12.2005.
- Flugslys TF-VIK (Helio Courier) á Ísafirði 5.12.2005.
- Flugslys TF-FAD (Piper PA-35-112) í Eyjafirði 3.11.2006.
- Alvarlegt flugatvik TF-ELN (Boeing 737-300) á Reykjavíkflugvelli 31.12.2003.
- Flugumferðaratvik TF-AIR/FUA701W við Keflavíkflugvöll 17.8.2006.
- Flugumferðaratvik TF-FIW (Boeing 757) við Madrid 29.4.2006 (Endurútgáfa).
- Alvarlegt flugatvik TF-CSB (Dornier 328) við Sumburgh 11.6.2006 (Endurútgáfa).

Rannsóknarnefnd flugslysa gerði samtals 12 tillögur til úrbóta í flugöryggismálum í kjölfar rannsókna sem hún lauk á árinu 2006. Tillögum þessum var beint til flugrekenda og Flugmálastjórnar Íslands.

Í árslok átti RNF eftir að ljúka 6 málum sem urðu árið 2004 og 8 málum sem urðu árið 2005. Ekkert banaslys varð í flugi íslensk skráðra loftfara á árinu 2006.

Samkvæmt 10 gr. laga nr. 35/2004 um rannsókn flugslysa skal þeim sem tillögum er beint til, taka tilhlýðilegt tillit til þeirra tilmæla í öryggisátt sem fram koma og hrinda þeim í framkvæmd ef við á. Ennfremur skulu þeir án tafar og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að tilmælin bárust gera nefndinni grein fyrir því hvernig brugðist hafi verið við tilmælunum. Tillögum þessum er gerð nánari skil aftar í ársskýrslunni.

Bent skal á að sumar rannsóknarskýrslurnar eru mjög langar og þeim fylgja oft ítarleg fylgiskjöl. Því er hér aðeins birtir útdrættir úr skýrslunum, svo og niðurstöður og tillögur sem gerðar voru til úrbóta. Skýrslur RNF, svo og ársskýrslur hennar, er að finna í heild sinni á vefsíðu RNF (<http://www.rnf.is>).

Svo sem fram kemur í 17. gr. laganna, er Rannsóknarnefnd flugslysa heimilt að gera rannsóknarskýrslur sínar á ensku ef málsaðili er útlendur. Þess vegna eru nokkrar skýrslur nefndarinnar gerðar á ensku og útdráttur þeirra sem hér er birtur því á ensku.

Á árinu 2006 tók gildi reglugerð um Rannsóknarnefnd flugslysa, reglugerð nr. 80. Ennfremur tók gild Reglugerð nr. 53 um tilkynningarskyldu flugslysa, alvarlegra flugatvika og atvika. Markmiðið með reglugerðinni er að stuðla að auknu flugöryggi með því að tryggja tilkynningu, söfnun, geymslu, verndun, vinnslu og miðlun á viðeigandi upplýsingum um öryggi. Í reglugerðinni er fjallað um tilkynningar til RNF en þar kemur meðal annars fram að hver sá sem veit um flugslys eða alvarlegt flugatvik, þ.m.t. flugumferðaratvik, skal tilkynna það rannsóknarnefnd flugslysa án ástæðulausrar tafar. Sérstaka skyldu í þessu efni hafa Flugmálastjórn Íslands, stjórnendur loftfara, handhafar flugrekstrarleyfis og vaktstöð skv. lögum um samræmda neyðarsímsvörun. Tilkynna ber flugslys og alvarleg flugatvik símileiðis, svo fljótt sem kostur er. Að jafnaði skal tilkynningu fylgt eftir með skriflegri skýrslu við fyrstu hentugleika. Tilkynningarskyldum aðila ber jafnframt að senda samrit af tilkynningu, án viðauka, til Flugmálastjórnar Íslands.

## **RANNSÓKNIR FLUGSLYSA OG ALVARLEGRA FLUGATVIKA 2003-2006**

---

## Atvik sem urðu árið 2003

## Hafnaði þvert á öryggissvæði utan flugbrautarenda í landingu

2003

Alvarlegt flugatvik M-07503/AIG-39 TF-ELN Boeing 737 Reykjavíkflugvöllur 31. desember 2003

Flug TF-ELN var ferjuflug frá Keflavíkflugvelli til Reykjavíkflugvallar þann 31. desember 2003. Í fluginu fór einnig fram þjálfun flugstjóra og var því þjálfunarflugstjóri í hægra sæti flugvélarinnar. Flugstjórinn var við stjórnvölinn í landingunni. Við undirbúning flugsins, sem fram fór á Keflavíkflugvelli, voru meðal annars upplýsingar um veður- og bremsuskilyrði fengnar frá flugturni á Reykjavíkflugvelli. Vindur var þá uppgefinn 030°/5 hnútar, skyggni meira en 10 km og bremsuskilyrði á flugbraut 01 42/44/44.

Flugtak frá Keflavíkflugvelli var kl. 08:23 og var flogið sjónflug til Reykjavíkur. Samkvæmt gögnum ferðrita flugvélarinnar var aðflugið að flugbraut 01 eðlilegt og í samræmi við verklag flugrekandans. Á lokastefnu fékk áhöfnin upplýsingar frá flugturninum um að vindur væri 030°/20 hnútar. Samkvæmt ferðritanum lenti TF-ELN á flugbraut 01 kl. 08:30. Bremsukerfi vélarinnar var stillt á "Autobrake 2", vængbörð á 40° og hraðinn um 130 hnútar. Fyrstu ummerki um landinguna voru um 270 metra frá hliðruðum þröskuldi flugbrautarinnar.

Í landingarbruninu varð flugstjórinn var við að flugvélin hægði ekki á sér sem skildi og voru því knývendar settir í hámark og hámarks bremsum beitt. Vélin fór eftir miðlínu flugbrautarinnar þar til hraðinn var kominn niður í 35 hnúta. Þá voru um 187 metrar eftir af tiltækri landingarvegalegd. Reyndi flugstjórinn þá að snúa vélinni við á brautinni með því að sveigja henni til hægri og svo aftur til vinstri og stöðvaðist flugvélin þversum á öryggissvæði handan flugbrautarenda. Þá hafði hún farið 1.260 metra frá því hún snerti flugbrautina eða um 1.530 metra frá hliðruðum þröskuldi flugbrautarinnar eða 43 metra framyfir enda flugbrautarinnar sem er 1.487 metra löng (tiltæk landingarvegalegd). Engar skemmdir var að finna á loftfarinu.

Það er niðurstaða RNF að slæm bremsuskilyrði á flugbraut 01 á Reykjavíkflugvelli hafi verið líklegasta orsök þess að flugvélin stöðvaðist ekki fyrr en aftan við enda flugbrautarinnar.



Rannsóknarnefnd flugslysa beindi því til Flugmálastjórnar Íslands að hún:

1. Sjá til þess að bremsumælingarbúnaður, sem í notkun er á flugvöllum undir umsjón Flugmálastjórnar, sé kvarðaður reglulega skv. handbók framleiðanda og haldin sé skráning um kvörðun.
2. Fylgjast með þróun rannsókna tengdum alþjóðlega viðmiðunargildinu IRFI eins og það er tilgreint í "ASTM E2100-04 standard practice for calculating the international runway friction index (IRFI)" og taka upp við fyrsta tækifæri eða taka upp þann staðal sem Flugmálastjórn Kanada hefur útbúið með Canadian Runway Friction Index.
3. Skrái verklagsreglur um bremsumælingar sem taka á framkvæmd bremsumælinga, samstarfi flugumferðar þjónustunnar, flugvallarstjórna og þeirra sem framkvæma bremsumælingar skv. ICAO Airport Services Manual, Part 2, Kafli 4, málsgrein 4.2.6.
4. Setji upp skipulagða síþjálfun í bremsumælingum.
5. Upplýsi flugmenn um ónákvæmni bremsumælinga á hálum flugbrautum eins og rannsóknir hafa sýnt fram á.

Rannsóknarnefnd flugslysa beindi því til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) að hún:

6. Íhugi að endurskoða upplýsingar í viðbæti 14 við Alþjóðaflugmálasáttmálann (Annex 14 Aerodromes) með tilliti til rannsókna sem fram hafa farið við þróun á International Runway Friction Index og Canadian Runway Friction Index.

Skýrsla RNF var gefin út 14. febrúar 2007 og má finna á [www.rnf.is](http://www.rnf.is).

## Atvik sem urðu árið 2004

## Brunalykt í farþegarými

2004

Alvarlegt flugatvik M-00304/AIG-39 G-BNWS Boeing 767 Suður af Íslandi 11. janúar 2004

Flugvélin var um það bil 200 sjómíllur suður af landinu á leið frá London til Baltimore þegar áhöfn hennar sendi frá sér viðvörðunarkall (PAN PAN) vegna brunalyktar og misturs í farþegarými.

Áhöfnin ákvað að snúa flugvélinni til Keflavíkurflugvallar þar sem viðbúnaðarástand var sett á hjá viðbragðs aðilum. Flugvélin lenti á Keflavíkurflugvelli athugasemdar laust um það bil einni klukkustundu síðar. Við skoðun kom í ljós að hitari við hurð í farþegarými hafði brunnið yfir.

Við rannsóknina kom í ljós að þessir hitarar eru áreiðanleigir og var samþykkt var að loka málinu með bókun þann 25. ágúst 2006.



## Farþegi slasaðist vegna ókyrrðar í flugi

2004

Flugslys M-00804/AIG-06 TF-ATJ Boeing 747 Atlantic Ocean 26. febrúar 2004

On February 26, 2004 a B747-300 aircraft, TF-ATJ, was completing scheduled flight from Buenos Aires to Madrid with 19 crew members and 401 passengers aboard. At 05:57 UTC, while overflying the equator over Atlantic international waters at flight level 340, the aircraft encountered sudden moderate-to-strong turbulence which caused serious injury to one passenger. Eleven other passengers and one flight attendant suffered light concussions or anxiety attacks. The aircraft was not damaged.

The aircraft diverted its course to Las Palmas airport, where the seriously injured passenger was disembarked to be taken to a hospital for medical assistance.

There was no forecast turbulence in the area where the accident occurred. There were no visible clouds. No turbulence announcement was given and the fasten seat belt signs were turned off.

The Spanish CIAIAC concluded that the accident was caused by the penetration of the aircraft in an area of turbulence when passengers were not secured with their seat belts fastened. The seat belt signs were not lit, because turbulence was not expected. The turbulence was probably of a convectively-induced turbulence (CIT) nature and was neither detected nor were people warned.

The report is dated 27 September 2006 and can be viewed at [www.rnf.is](http://www.rnf.is).



## Hlektist á í flugtaki

2004

Flugslys

M-01304/AIG-09

TF-TOF

Jodel DR-220

Rángárvallasýsla

4. apríl 2004

Um kl. 16:30 sunnudaginn 4. apríl 2004 hugðist einn eigenda flugvélarinnar TF-TOF fljúga flugvélinni frá einkaflugvelli sínum á Stóru-Bót í Rángárvallasýslu til Mosfellsbæjar. Um borð voru þrír farþegar þar af einn fullorðin og tvö börn, 11 og 13 ára. Flugvélin er af gerðinni Jodel DR-220, einshreyfils, fjögurra sæta stélahjólsvél.

Vindur var ekki merkjanlegur að mati flugmannsins og ákvað hann því að nýta sér halla flugbrautarinnar niðurávið og taka af til suðvesturs. Flugmaðurinn hafði flugið flugvélinni sama dag frá flugvelli í Mosfellsbæ á flugvöllinn á Stóru-Bót. Voru þá sömu farþegar um borð og einhver farangur að auki og var flugtakið þar eðlilegt að sögn flugmannsins en flugbrautin þar er lengri en flugbrautin á Stóru-Bót. Flugmaðurinn undirbjó flugið ekki sérstaklega með tilliti til útreikninga á massa og jafnvægi en áleit að þyngd væri innan marka og áætlaði þyngd hvors farþega í aftursætum 35 kg. og þyngd sína og farþega í framsætum 84 kg. eða samtals 238 kg. Lágmarks eldsneyti var um borð í flugtakinu á Stóru-Bót og taldi flugmaðurinn það vera nægilega lítið til þess að veða upp á móti styttri flugbraut.

Flugmaðurinn ók flugvélinni að norðausturenda flugbrautarinnar, tók blöndungshitara af og setti vængbörð í 20°. Í stað hefðbundins stuttbrautarflugtaks hóf hann flugtakið með því að gefa hreyflinum fullt afl í akstri þegar hann var að snúa flugvélinni í flugtaksstefnu. Eftir um það bil 250 metra flugbrautarbrun tók flugmaðurinn eftir því að hraði flugvélarinnar jókst ekki sem skyldi og taldi hann sig þurfah alla flugbrautina til flugtaksins. Að hans sögn mun flugvélin venjulega hefja flug eftir um það bil 350 metra við slíkar aðstæður. Við flugbrautarenda hafði flugvélin náð flugtakshraða að hans mati og togaði hann því í hæðarstýrið en flugvélin hóf sig ekki til flugs. Að sögn flugmannsins hafði hann fullt vélarafll allan tímann.



Þegar flugvélin fór fram af flugbrautarenda heyrði flugmaðurinn í ofrisflautu flugvélarinnar og fann stuttu síðar að flugvélin rakst líttillega í hól sem er um það bil 16 metra frá flugbrautarenda. Eftir það féll flugvélin niður í lægð handan við hólinn. Við rannsókn kom í ljós að annaðhvort vinstra aðalhjól eða stélahjól rakst í hólinn. Um það bil 45 metrum frá flugbrautarenda snertu hjól flugvélarinnar aftur jörð og um það bil 65 metra frá flugbrautarenda hafnaði flugvélin á girðingu. Efsti strengur girðingarinnar kræktist í aðalhjól flugvélarinnar og stöðvaðist flugvélin um það bil 90 metrum frá flugbrautarenda.

Flugmaðurinn og farþegarnir komust án aðstoðar út úr flakinu. Farþegar sem sátu í aftursætum slösuðust líttillega en farþegi sem sat í framsæti slasaðist töluvert. Flugmaðurinn slasaðist ekki. Flugmaðurinn og farþegarnir voru spenntir í tveggja punkta öryggisbelti. Eftir að flugmaðurinn komst út úr flakinu varð hann var við vindgjólu af norðaustri þ.e. meðvindur í flugtakinu. Að hans mati var það um það bil fimm til átta hnúta vindur. Skýrsla RNF var gefin út þann 27. febrúar 2007 og má finna hana á [www.rnf.is](http://www.rnf.is).

## Snúið við eftir flugtak vegna bilunar í stjórnækjum

2004

Alvarlegt flugatvik M-01704/AIG-10 TF-JXA MD-82 Ítalía 8. maí 2004

Flugvélin TF-JXA (MD-82) var á leið frá Catania (á Sikiley) til Milano. Skömmu eftir flugtak varð áhöfnin vör við að flugvélin leitaðist við að halla til hægri. Svo virtist sem eldsneyti væri flutt frá vinstri eldsneytistanki og yfir í miðjutank og og olli ójafnvægi á flugvélinni. Áhöfnin ákvað því að snúa flugvélinni við og lenda aftur á flugbraut 08 á flugvöllinum á Catania.

Þar sem flugvélin var yfir hafi og fyrirhuguð landing var á flugbraut sem stefndi á haf, var farþegum fyrirskipað að fara í björgunarvesti.

Rannsóknarnefnd flugslysa á Ítalíu ákvað að taka atvikið til rannsóknar og hefur gefið út skýrslu um atvikið á Ítölsku. RNF óskaði eftir því að skýrslan verði þýdd yfir á ensku en því var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu. Niðurstöður hennar verða því að bíða næstu ársskýrslu.

## Hlekkist á í landingu

2004

Flugslys M-03904/AIG-17 TF-ELH Dornier 228 Siglufjarðaflugvöllur 23. júní 2004

Áhöfn flugvélarinnar var í æfingaflugi við flugvöllinn á Siglufirði. Áhöfnin hafði framkvæmt eina snertilendingu á flugbraut 07 og hugðist gera aðra snertilendingu á sömu flugbraut með þeim afleiðingum að flugvélin hafnaði á flugbrautinni með hjólabúnaðinn í uppi.

Flugmennina, sem voru einir um borð, sakaði ekki en flugvélin skemmdist töluvert.

Rannsókn RNF á slysinu var ekki lokið þegar ársskýrslan var í vinnslu og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu.



## Hlekkvist á í flugtaki

2004

Alvarlegt flugatvik M-04804/AIG-24 C-FXOH Helio Courier Löngufjörur

18. júlí 2004

Flugvélin C-FXOH sem er af gerðinni Helio Courier hlekkvist á í flugtaki í fjörunni á Gömlueyri við Löngufjörur á sunnanverðu Snæfellsnesi. Flugmaðurinn hafði snúið flugvélinni í hálfhring eftir landingu en hann hugðist taka í loftið í gagnstæða stefnu miðað við landingarstefnuna. Hann áttaði sig ekki á því að í landingarbruninu hafði hann sveigt flugvélinni örlítið þannig að eftir að hann hafði snúið flugvélinni í hálfhring var stefna hennar ekki eftir fjörunni eins og hann hélt heldur í átt að sandhólum ofan við fjöruna. Í flugtakinu rakst flugvélin á sandhól með þeim afleiðingum að hún skemdist mikið en flugmanninn, sem var einn um borð, sakaði ekki.

Rannsókn RNF á atvikinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í prentun og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu



## Strokkur losnaði af á flugi

2004

Alvarlegt flugatvik M-04904/AIG-25 TF-UPS Piper PA-28 Við Húsafell 21. júlí 2004

Flugvélin TF-UPS sem er af gerðinni Piper PA28-161 var í yfirlandsflugi á leið frá Stóra-Kroppi til flugvallarins í Húsafelli þegar flugmaðurinn varð var við að hreyfillinn missti afl. Reykur barst inn í flugstjórnarklefvann og ákvað flugmaðurinn að nauðlenda flugvélinni í móa um það bil 2.5 Nm frá flugvellinginum í Húsafelli. Flugmaðurinn var einn um borð og sakaði hann ekki en flugvélin skemmdist nokkuð. Við vettvangsrannsókn kom í ljós að einn af fjórum strokkum hreyfilsins hafði losnað af hreyflinum. Rannsókn RNF á atvikinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í prentun og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu



## Nefhjólsbúnaður gaf sig í landingu

2004

Alvarlegt flugatvik M-07404/AIG-35 TF-SYN Fokker F27 Færeyjarflugvöllur 1. október 2004

Nefhjólsleggur flugvélarinnar TF-SYN (Fokker F27) gaf sig í landingu á flugvellinginum í Færeyjum. Landingin var með hefðbundnum hætti en í akstri varð áhöfnin vör við að eitthvað væri athugavert við nefhjól flugvélarinnar.

Skýrslu RNF um atvikið var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í prentun og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu



## Hjól losnaði af í flugtaki

2004

Alvarlegt flugatvik M-08204/AIG-39 TF-ARH Boeing 747 Suður Kórea 14. desember 2004

Áhöfnin á flugvélinni TF-ARH, sem er af gerðinni Boeing 747, snéri aftur til landingar eftir að tilraunir til að taka upp hjólin eftir flugtak báru ekki árangur. Eftir landingu kom í ljós að eitt aðalhjól flugvélarinnar hafði fallið af hjólabúnaðinum í flugtakinu. Við atvikið skemmdist

flugvélin og hluti af ljósabúnaði flugvallarins. Atvikið átti sér stað á Incheon flugvelli í Suður-Kóreu. Rannsókn á atvikinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í prentun og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu

## Reykur og hitalykt í farþegarými

2004

Alvarlegt flugatvik M-08404/AIG-41 TF-FIU Boeing 757 Vestur af Keflavík 25. desember 2004

Áhöfn flugvélarinnar TF-FIU, sem er af gerðinni Boeing 757, ákvað að snúa við til Keflavíkurlugvallar eftir að reykur og hitalykt kom upp í farþegarými. Við rannsókn kom fram að reykurinn kom frá vatnshitara sem staðsettur er á salerni flugvélarinnar. Hitarinn var sendur til framleiðanda sem taldi að mögulega orsök mætti rekja til þess að vatnshitarinn hefði verið látinn ganga ítrekað þurr og yfirhitarofinn verið endursettur ítrekað. RNF fékk það staðfest frá flugrekanda að verklag í viðhaldi væri samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans og að yfirhitarofar væru ekki ítrekað endursettir. Í upplýsingum frá framleiðanda flugvélarinnar kom fram að bilunina mætti rekja til aldurs hitarans. Samþykkt var að loka málinu með bókun þann 23. maí 2007.





## Atvik sem urðu árið 2005

## Hætt við flugtak vegna titrings

2005

Alvarlegt flugatvik M-01205/AIG-03 TF-ATI Boeing 747 Spánn

23. janúar 2005

On January 23, 2005, flight IB-6501 was taking off from runway 36L at the Madrid-Barajas (LEMD) Airport with 17 crew and 318 passengers. During the initial take-off roll, without prior warning, the aircraft started to vibrate. At first, the vibration was considered normal but when the aircraft increased the speed the vibration intensified and panels in the cockpit as well as the cabin began to shake loose. The flight crew aborted take-off at 80 kts and declared an emergency. The vibrations decreased in proportion with the deceleration.

Once the aircraft stopped on the runway fire fighting services verified that there was no fire in the undercarriage. The passengers disembarked using normal exitways. No injuries were reported.

The Spanish Accident Investigation Board was notified and they appointed an Investigator In Charge. The Icelandic AAIB appointed an accredited representative to the investigation. The investigation was not finished in the year 2006.



## Reykjarlykt í flugstjórnarklefa

2005

Alvarlegt flugatvik M-01805/AIG-04 TF-FIJ Boeing 757 Austur af Íslandi 27. apríl 2005

Flugvél af gerðinni Boeing 757 var á leið frá Keflavík til Stokkhólms er reykjarlykt kom upp í flugstjórnarklefa. Áhöfnin sendi frá sér áriðandi skilaboð (PAN PAN) til flugstjórnar og fékk heimild til Egilsstaðaflugvallar. Stuttu áður en að Egilsstöðum kom óskaði áhöfnin eftir heimild til Keflavíkurflugvallar þar sem hún lenti athugasemdarlaust.

Við vettvangsrannsókn kom í ljós að rafmagnsbilun var að finna í spennubreyti ("Static Inverter") sem staðsettur er í rými undir flugstjórnarklefanum. Við nánari rannsókn á spennubreytinum kom í ljós að bilun varð í einu af viðnámi hans. Ennfremur kom það framm við rannsóknina að slík bilun er þekkt vandamál Boeing flugvéla. Boeing Hefur gefið út viðhaldsfyrirmæli (Service Bulletin) nr. 757-24-0110 sem byggir á „Service Bulletin“ frá framleiðanda spennubreytisins, Avionic Instruments Incorporated (Service Bulletin 1-002-0102-

Resistor R170 was observed cracked; see figure 16.




Figure 16.  
View of cracked resistor R170



Figure 13.  
View with the bridge control logic PCB pulled away from the inverter case assembly

1000-24-28). Bilunin er þannig að viðnámið ofhitnar og eyðileggur þetta sem liggja upp við viðnámið eins og myndirnar sýna.

Flugrekandinn brást við með því að uppfæra tækjabúnað flugvéla sinna og bæta inn vinnukorti um hreinsun á spennubreyti í viðhaldsáætlun sína.

Rannsóknarnefnd flugslysa sendi erindi á flugrekendur Boeing flugvéla á Íslandi til að vekja athygli á vandamálinu og kanna stöðu á loffförum skráðum á Íslandi.

Rannsóknarnefnd flugslysa lauk málinu með bókun þann 6. mars 2006.

## Hlekkvist á í lendingu – Hreyfilhlíf snerti flugbrautina

2005

Alvarlegt flugatvik M-02005/AIG-05

TF-ATJ Boeing 737

Spánn

31. maí 2005

The complete report can be viewed at [www.rnf.is](http://www.rnf.is)



**Aðskilnaðarmissir við Keflavíkurflugvöll**

2006

Flugumferðaratvik **M-05006/AIG-27** CNO787 Boeing 737 Keflavíkurflugvöllur 21. júní 2006  
FUA701W Dornier 328

Aðskilnaðarmissir varð þegar CNO787 var á leið inn til Keflavíkurflugvallar og TF-NPA var í brottflugi frá Keflavíkurflugvelli.

Málinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í vinnslu og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu.

**Aðskilnaðarmissir við Reykjavíkurflugvöll**

2006

Flugumferðaratvik **M-05106/AIG-28** TF-CSG Dornier 228 Reykjavíkurflugvöllur 18. júlí 2006  
TF-TWO Cessna 152  
TF-ICY Cessna 152

TF-CSG var í flugtaki á flugbraut 19 á leið sinni frá Reykjavík til Vestmannaeyja. Eftir flugtak beindi flugmaðurinn flugvélinni á stefnu 240. Í um það bil 1000 feta hæð fékk TF-CSG viðvörðun frá árekstrarvara vegna

og var það vegna TF-TWO og TF-ICY sem voru í umferðarhring fyrir flugbraut 31.

Málinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í vinnslu og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu.

**Hlekkist á í landingu**

2006

Alvarlegt flugatvik **M-05206/AIG-29** TF-FTO Cessna 172 Reykjavíkurflugvöllur 2. ágúst 2006

Flugvélinni TF-FTO (C172) hlekkist á í landingu á flugbraut 31 með þeim afleiðingum að hún stöðvaðist utan flugbrautarinnar.

Málinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í vinnslu og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu.

**Hlekkist á í flugtaki**

2006

Flugslýs **M-05306/AIG-30** TF-EGD Piper PA-38 Tungubakkaflugvöllur 20. ágúst 2006

TF-EGD hlekkist á í flugtaki á Tungubakkaflugvelli með þeim afleiðingum að hún hafnaði út í Leirvogsa. Flugvélin er mikið skemmd en flugmaður og farþegi slösuðust ekki.

Málinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í vinnslu og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu.



## Braut neflendingarbúnað

2006

**Alvarlegt flugatvik** M-05606/AIG-31 TF-TAL Cessna P206 Sandskeið 30. ágúst 2006

Flugmaður á TF-TAL var með 5 fallhlífastökkvara um borð sem hugðust stökkva frá borði yfir Sandskeiði. Vegna veðurs varð að hverfa frá stökkinu og lenti flugvélin á flugvellinum á Sandskeiði á flugbraut 15 með fallhlífarstökkvarana um borð. Flugmaðurinn ákvað að hafa aðflugið nokkuð hraðara en venjulega vegna þess hve þung vélin var. Lendingin var nokkuð þung og flugvélin hentist aftur upp af flugbrautinni og lenti svo aftur. Við flugbrautarendann snéri flugmaðurinn flugvélinni við á brautinni og ók henni til baka. Í akstrinum brotnaði nefhjólábúnaðurinn og loftskrúfan rakst í jörðina. Flugmaðurinn drap þegar á hreyflinum. Minniháttar skemmdir voru á enda loftskrúfunnar og nefhjólábúnaðurinn var brotinn. RNF lauk málinu með bókun þann 28. mars 2007.



## Hlekkist á í landingu

2006

**Alvarlegt flugatvik** M-05706/AIG-32 TF-SAE Schleicher KA6 Sandskeið 2. september 2006  
Rhonsegler

Flugmaður á TF-SAE (Schleicher KA6) var í aðflugi til landingar á norður-suður braut á Sandskeiði. Rétt fyrir landingu ætlaði flugmaðurinn að hægja á vélinni og slétta úr ferlinum með því að beita lofthemlum. Lofthemlarnir voru mun næmari en flugmaðurinn reiknaði með og rufu þær loftflæðið yfir vænginn sem varð þess valdandi að svifflugan ofreis og féll þungt til jarðar. Svifflugan hófst aftur á loft og lenti aftur og þá á nefinu og varð fyrir talsverðum skemmdum.

Flugmaðurinn var ekki vanur þessari tegund af svifflugvél og var þetta þriðja landingin hans á TF-SAE. Flugmaðurinn benti á að það væri mikilvægt að þekkja stöðu lofthemlaflata út frá stöðu lofthemlahandfangs í stjórnklefa. Svifflugfélag Íslands uppfærði kennsluefni sitt um beitingu lofthemla. Nýtt kennsluefni leggur áherslu á að svifflugmenn þekki stöðu lofthemlaflata út frá stöðu handfangs í stjórnklefa svo þeir geti einbeitt sér að aðflugi



og landingu í stað þess að horfa út á vængi til að athuga með stöðu hemla. Málinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í vinnslu og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu.



## Brotlenti í nauðlendingaræfingu

2006

Flugslýs

M-05806/AIG-33

TF-FAD

Piper PA-38

Hjalteyri við Eyjafjörð

3. september 2006

Þann 3. september 2006 fór flugnemi ásamt flugkennara sínum til æfinga frá Akureyrarflugvelli. Flugáætlun gerði ráð fyrir 1,5 klukkustunda löngu flugi í norðursvæði og snertilendingum á Akureyrarflugvelli. Hleðsla flugvélarinnar var innan marka. Flugtak og farflug að norðursvæði var með eðlilegu móti og var flugneminn við stjórnvölinn. Í norðursvæði æfði flugneminn vindreksæfingar, hægflug og loks neyðarviðbrögð við nauðlendingar.

Neyðarviðbrögð voru æfð nokkrum sinnum og var flugneminn ekki ánægður með lokastaðsetningu flugvélarinnar yfir áætluðum lendingarstað. Flugneminn óskaði eftir því við flugkennara sinn að fá að æfa nauðlendingar í eitt skipti til viðbótar en sleppa því að fara í gegnum neyðarviðbrögðin og einbeita sér eingöngu að því að koma flugvélinni sem best á lokastefnu við áætlaðan lendingarstað.

Vel gekk að koma vélinni á lokastefnu og í um 300 fetum það flugkennari nemandi um að hefja fráhrarfsflug. Þegar flugneminn ætlaði að hefja fráhrarfsflug setti hann upp vængbörð án þess að gefa flugvélinni fullt afl. Við það jókst fallhraði flugvélarinnar. Flugneminn hætti að fljúga flugvélinni og tók flugkennarinn þá við stjórninni, ýtti eldsneytisgjöfinni inn að fullu og reyndi að hefja klifur en náði aðeins að slétta úr (flare out) flugferli flugvélarinnar.

Flugvélin féll mjög hratt til jarðar en flugkennarinn náði að halda nefinu reistu er aðalhljól flugvélarinnar snertu túnið sem nota átti sem sem áætlaðan lendingarstað í æfingunum. Um 8,5 metrum eftir að aðalhljól snertu kom nefhljólið þungt niður og grófst niður í mjúkan jarðveginn. Um 6,6 metrum síðar gaf nefhljólslleggurinn sig og flugvélin stakkt á nefið og endaði feril sinn á hvolfi. Ferill flugvélarinnar á túninu frá fyrstu hjólförum til lokastöðu mældist 38,3 m.

Flugkennarinn og flugneminn lokuðu fyrir eldsneytistanka, drógu af eldsneytisgjöf, lokuðu fyrir blöndustilli og slökktu



á aðalrofa og kveikjum. Þeir áttu í töluverðum erfiðleikum með að komast út úr flakinu þar sem hurðir flugvélarinnar voru fastar. Flugnemanum tókst loks að sparka upp vinstri hurð flugstjórnarklefans og þaðan komust þeir út.

Vængbörð á Tomahawk eru ekki rafdrifin heldur eru þau handvirk og geta hreyfst mjög hratt upp eða niður í beinu hlutfalli við hreyfingu flugmanns á vængbarðaskafti. Það er álit Rannsóknarnefndar flugslysa að meginorsök slyssins megi rekja til viðbragða flugnemans að taka upp vængbörð að fullu mjög hratt áður en fullt afl var gefið og ákveðnum lágmarkshraða náð.

Einnig er það talið meðvirkandi þáttur að of lítið svigrúm hafi verið til að hefja fráhrarfsflug og tíminn sem tók flugkennarann að bregðast við var of langur og nægði ekki til að hefja fráhrarfsflug.

Rannsóknarnefnd flugslysa hvetur þá sem stunda flugkennslu til að skilgreina öruggar lágmarkshæðir til æfinga á neyðarviðbrögðum. Lágmarkshæðirnar skulu gefa nægjanlegt svigrúm til að gefa flugkennara tækifæri á að leiðrétta flugferilinn og fljúga fráhrarfsflug.

Nánari lýsingu má finna í skýrslu RNF á [www.rnf.is](http://www.rnf.is)

## Truflun í miðlínusendi á Keflavíkurlugvelli

2006

Alvarlegt flugatvik M-05906/AIG-34 TF-FII Boeing 757 Keflavíkurlugvöllur 24. ágúst 2006

TF-FII hafði gripið miðlínusendi, fyrir flugbraut 02 á Keflavíkurlugvelli, í 3.000 fetum. Í 2.500 fetum sló sjálfstýringu út og fengu flugmenn viðvörðun um að merki fyrir miðlínusendi væri ekki til staðar. Var flugvélinni handflogið til landingar eftir mælitækjum fyrir miðlínusendi sem virtust starfa eðlilega. Flugumferðarstjóri benti á að lítil flugvél hafi verið í uppkeyrslu í nálægð við miðlínusendinn fyrir flugbraut 02.

Nokkur atvik hafa komið upp varðandi miðlínusendi fyrir flugbraut 02 á Keflavíkurlugvelli. Rannsóknarnefnd flugslysa skoðaði þau mál í samvinnu við Flugmálastjórn á Keflavíkurlugvelli, framleiðanda flugvélarinnar (Boeing), framleiðanda siglingatækjanna (Honeywell) og Póst og Fjarskiptastofnun. Ekki reyndist unnt að finna ástæður

fyrir því hvers vegna Boeing 757 flugvélart virtust næmari fyrir truflunum í miðlínusendum á Keflavíkurlugvelli. Engin atvik hafa verið tilkynnt til RNF frá öðrum flugrekendum um truflanir á miðlínusendi fyrir flugbraut 02. RNF hafði því einnig samband við aðra flugrekendur svo sem Hello, sem fljúga MD-90 þotum, og British Airways, sem fljúga Boeing 737 þotum, til og frá Keflavíkurlugvelli. Hvorugur þessara flugrekanda hafði orðið varir við truflanir á miðlínusendi fyrir flugbraut 02 eða nokkur vandkvæði tengdum aðflugi að braut 02.

Málinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í vinnslu og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu.

## Reykur í flugstjórnarklefa

2006

Alvarlegt flugatvik M-06106/AIG-35 TF-LLA Boeing 767 Vestur af Portúgal 17. september 2006

Um 700 sjómílar vestur af Portúgal klukkan 13:20 UTC fann áhöfnin á TF-LLA brunalykt og fengu þeir viðvörðun um bilun í tengdum kerfum fyrir flugmann. Brunalyktin hvarf aftur og komst áhöfnin að því að öryggi fyrir aftan flugmann hafði slegið út. Þar sem öryggi hafði slegið út og brunalyktin var horfin hélt áhöfnin flugi sínu áfram. Um klukkan 16:30 UTC fann áhöfnin brunalykt að nýju sem hvarf aftur. Skömmu síðar varð áhöfnin vör við mikla brunalykt. Áhöfnin greip til súrefnisgríma og farið var í gegnum gátlista fyrir reyk eða rafmagnseld (Boeing 757 QRH SMOKE FUMES or FIRE ELECTRICAL). Leitað var að upptökum lyktarinnar og fannst áhöfninni hún koma frá Main Control Panel (MCP). Flugstjórinn bað um aðstoð flugfreyju til að staðfesta og staðsetja upptök lyktarinnar. Stuttu eftir að flugfreyjan yfirgaf stjórnklefann gaus upp mikil reykjalykt og reykur sást koma undan Main Control Panel. Á sama tíma hætti sjálfstýring (autopilot) og flugbeinir (flight director) að virka ásamt sjálfvirkum aflagjöfum (auto throttles). Flugstjórinn tók við stjórninni, sendi frá sér PAN PAN skeyti og óskaði eftir að fljúga til Point-a-Pitre (PTP) flugvallar. Þessu kalli var svo fylgt eftir með neyðarkalli (MAYDAY) um reyk í stjórnklefa. Upplýsingum um fjölda manns um borð og eldsneyti var komið til Piarco flugstjórnarmiðstöðvarinnar og beðið um veður upplýsingar fyrir PTP. Flugbeinir á leiðsögtækjum flugmanns virkaði og skipti flugstjóri því yfir á



leiðsögutæki flugmannsins og var flogið eftir þeim. Flugvélinni var handflogið í aðflugi til PTP og var áhöfnin með súrefnisgrímur á sér allan tímann. Lent var á flugvellið í PTP klukkan 17:09 og tókst landingin vel. Slökkt var á öllu rafmagni um leið og flugvélin kom upp að hliði.

Rannsókn málsins er í höndum BEA í Frakklandi og skipaði RNF fulltrúa við rannsóknina. Main Control Panel var fjarlægður úr flugvélinni og rannsakaður. Við rannsóknina kom meðal annars í ljós að hlutur úr aflagjafa (power supply) Main Control Panel hafði brunnið yfir.

Málinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í vinnslu og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu.

## Hlekkvist á í landingu

2006

**Alvarlegt flugatvik** M-06206/AIG-36 TF-LEO Piper Super Við Gæsavatnaskála 23. september 2006  
Cub

TF-LEO hlekkvist á í landingu við Gæsavatnaskála norðan Bárðarbungu. Fyrirhugað landingarsvæði var á mel við skálann og hafnaði flugvélin á hvolfi í snjóskafli. TF-LEO er af gerðinni Piper PA-18-150 (Super Cup) og er flugvélin meðal annars útbúin stærri dekkjum sem ætluð eru til landingar utan hefðbundinna flugbrauta.

Flugmaðurinn var einn um borð og sakaði ekki en flugvélin er talsvert skemmd.

Málinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í vinnslu og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu.

## Bilun í upplýsingabúnaði fyrir hreyfla

2006

**Alvarlegt flugatvik** M-06506/AIG-37 N34137 Boeing 757 Suður af Íslandi 25. október 2006

Áhöfnin á N34137 (Boeing 757) frá Continental Airlines lýsti yfir neyðarástandi og snéri til Keflavíkur þann 25. október 2006 vegna bilunar í upplýsingarbúnaði fyrir hreyfla. Flugvélin var suður af Íslandi í FL 350 á leið sinni frá Gatwick í Englandi til Newark í Bandaríkjunum þegar áhöfnin fékk misvísandi skilaboð frá upplýsingabúnaði flugvélarinnar um ástand hreyflanna án þess þó að hreyflarnir misstu afl. Áhöfnin ákvað að snúa til Íslands, lýsa yfir neyðarástandi og lenda á Keflavíkurflugvelli. Á leið til Keflavíkurflugvallar hafði áhöfnin samband við viðhaldsstjórnstöð flugrekandans og fékk upplýsingar um

að slökkva á tölvustýribúnaði fyrir báða hreyflana og varð þá ástandið eðlilegt á ný.

Áhöfnin ákvað þó að halda áfram til Keflavíkurflugvallar til þess að taka eldsneyti fyrir áframhaldandi flug. RNF hefur tilkynnt atvikið til rannsóknarnefndar flugslysa í Bandaríkjunum. Málinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í vinnslu og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu.

## Aðskilnaðarmissir í lokaaðflugi

2006

**Flugumferðaratvik** M-06706/AIG-38 TF-LLA Boeing 767 Caracas, Venesúela 28. október 2006

Áhöfnin á TF-LLA fékk árekstrarviðvörðun (CLIMB) í lokaaðflugi að Caracas flugvelli í Venesúela. Atvikið var tilkynnt til yfirvalda í Venesúela. Málinu var ekki lokið

þegar ársskýrslan fór í vinnslu og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu.

## Rann útaf braut í akstri vegna hálfu

2006

**Alvarlegt flugatvik** M-06906/AIG-39 N9265Q Piper PA-34 Reykjavíkflugvöllur 11. desember 2006

Eftir landingu á flugbraut 01 fékk flugmaður fyrirmæli um að aka akbraut Alfa að stæði Flugþjónustunnar. Fyrir misgáning ók flugmaðurinn eftir flugbraut 06/24. Flugturninn kallaði í flugmannin og benti honum á að snúa við. Þegar flugmaðurinn hugðist snúa flugvélinni við þá varð hann var við mikla hálfu og missti stjórn á vélinni. Flugvélin hafnaði utan brautar og loftskrúfa rakst í brautarljós.

Málinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í vinnslu og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu.



## Felgur brotnuðu í landingu

2006

**Alvarlegt flugatvik** M-7206/AIG-40 TF-ARJ Boeing 747 Kuala Lumpur 21. desember 2006

Eftir flugtak frá Pu Dong í Kína fékk áhöfnin skilaboð um að neistar hefðu sést frá landingarbúnaði og leifar af dekkjum hefðu fundist á flugbrautinni. Flugvélinni var snúið til Kuala Lumpur í Malasíu. Í landingu í Kuala Lumpur brotnuðu felgur tveggja hjóla á hægri aðalhjólábúnaði. Brot úr felgunum gerðu göt á hjólahurðir, skrokk, hjólahús og afturbrún flapa. Brotin ullu einnig miklum skemmdum á vökleiðslum vélarinnar.

Málinu var ekki lokið þegar ársskýrslan fór í vinnslu og verða niðurstöður hennar að bíða næstu ársskýrslu.



## Hlekkist á í landingu

2006

Alvarlegt flugatvik M-3406/AIG-41 TF-CCB Yakolev YAK- Tungubakkaflugvöllur 5. júní 2006

55

Flugmaður TF-CCP ætlaði að framkvæma nokkrar snertilendingar á Tungbökkum áður en flogið væri til Reykjavíkurflugvallar. Í fyrsta aðfluginu lét flugmaðurinn flugvélin vængskríða (slippa) til að sjá flugbrautina og flugvél sem var að rýma brautina. Flugmaðurinn tók ákvörðun um að hefja frávarfsflug þegar flugvélin snerti jörðina. Í frávarfsfluginu tók flugmaðurinn eftir töluverðum titring og taldi að vélin væri eitthvað skemmd. Flugmaðurinn tilkynnti gegnum radió að eitthvað væri að og óskaði eftir því að flugbrautinbrautin yrði rýmd áður en hann lenti flugvélinni. Hann lenti svo flugvélinni og tókst landingin vel. Við rannsókn kom í ljós að TF-CCB snerti jörðina um 300 metrum fyrir byrjun flugbrautarinnar. Greina mátti för eftir hægra aðalhjól og loftskrúfu. Skemmdir var að finna á endum loftskrúfunnar.



RNF lauk málinu með bókun þann 25. ágúst 2006.

## TILLÖGUR UM ÚRBÆTUR Í FLUGÖRYGGISMÁLUM

Rannsóknarnefnd flugslysa gerði 14 tillögur um úrbætur í flugöryggismálum í rannsóknnum sínum á árinu 2006. Þar með eru taldar átta tillögur sem rannsóknarnefnd flugslysa í Sameinuðu Arabísku Furstadæmunum en Rannsóknarnefnd flugslysa endurútgaf skýrsluna. Í þeim tilfellum sem tillögunum var beint til Flugmálastjórnar Íslands (FMS) skilaði matsnefnd stofnunarinnar á sviði flugöryggis niðurstöðu til RNF. Nokkrum tillögum var beint til annarra stofnana og fyrirtækja ásamt flugmanna. Eftirfarandi eru þær tillögur sem Rannsóknarnefnd flugslysa gerði árið 2006 ásamt formlegum viðbrögðum þeirra aðila sem tillögunum var beint til.

### **Alvarlegt flugatvik TF-JML á Reykjavíkflugvelli 11.9.2003.**

RNF leggur til við Flugfélag Íslands

1. að sjá til þess að leiðbeiningar um notkun handhemils í sérstaklega útbúnum gátlistum og þjálfunarhandbók séu í samræmi við leiðbeiningar í gögnum framleiðandans

Viðbrögð bárust ekki frá Flugfélagi Íslands en félagið er hætt rekstri þessara flugvéla. Viðbrögð bárust frá Matsnefnd FÖS sem tók undir tillöguna og tóku jafnframt fram að ljóst er að á gátlistum flugmanna fyrir flugtak kemur fram að handhemill skuli athugaður fyrir flugtak. Matsnefnd FÖS gerði þó ekki sérstakar ráðstafanir varðandi þetta atriði á þeim forsendum að engin vél með þessa virkni handhemils er í rekstri hér á landi.

### **Flugslys TF-API (Cessna 152) á Akureyrarflugvelli 24.11.2004.**

RNF beinir því til flugmanna að:

1. Flugmenn noti gátlista sem að lágmarki innihalda þau atriði sem gefin eru út af framleiðanda viðkomandi loftfara

Matsnefnd FÖS tekur undir tillöguna og telur að taka beri tillöguna upp líkt og áður hefur verið gert á flugöryggisfundum.

Auk þess voru tilmæli til einkaflugmanna varðandi gátlista tilkynning birt á heimsíðu Flugmálastjórnar Íslands þann 11. mars.

### **Flugumferðaratvik í Flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík 8.2.2005.**

The AAIB recommends that the Icelandic Civil Aviation Administration:

1. Identify and make every effort to remove single points of failure in all their safety critical systems in-order to reduce the likelihood of similar failures.

Matsnefnd FÖS tekur undir tillöguna.

However the ICAA / ISAVIA Air Traffic Management Division has in place procedures for Risk Assessment and Mitigation which are carried out before installation of new systems. Operational procedures for total failure of equipment are parts of systems.

### **Flugumferðaratvik TF-OII og TF-FBA við Reykjavík 23.8.2004.**

Rannsóknarnefnd flugslysa beinir því til:

1. Flugumferðarstjóra að upplýsa eftir bestu getu um þekkta flugumferð inn og út úr stjórnunni loftrými.

Matsnefnd FÖS tekur undir tillöguna.

2. Flugmálastjórnar Íslands að kanna færslu á ytra endamiði sjónflugsleiðar 4 á eða út fyrir svæðamörk flugstjórnarsviðs Reykjavíkflugvallar (Reykjavík CTR).

Matsnefnd FÖS tekur undir tillöguna og hefur beint því til Verklagsdeildar FUS að skoða hvort rétt sé að færa stöðumiðið (Vatnsendahlíð) að svæðamörkum. FÖS fylgir þessu máli eftir í úttektarkerfi sínu.



### Flugumferðaratvik TF-ELJ við Fenejjar á Ítalíu 2.12.2004.

RNF beinir því til:

1. Flugmálastjórnar Íslands að hún upplýsi flugrekendur, flugáhafnir og flugumferðarstjóra um vandamál tengdum kallnúmerum.

Matsnefnd FÖS tekur undir tillögunina og sendi flugrekstrardeild flugöryggissvið Flugmálastjórnar Íslands bréf til allra flugrekstrarstjóra og gæðastjóra íslenskra flugrekenda dagsett þann 28. september 2006. Í bréfinu var afrit af skýrslu RNF og voru menn hvattir til að kynna sér sérstaklega viðauka 2 í skýrslunni sem fjallar um atriði sem flugrekstaraðilum er bent á þegar kemur að úthlutun kallnúmera. Matsnefndin telur ekki ástæðu til frekari aðgerða hjá flugumferðarstjórum.

### Flugslys TF-ARR á Sharjah flugvelli í Dubai þann 7. nóvember 2004.

Rannsóknarnefnd flugslysa í Sameinuðu Arabísku furstadæmunum fór með rannsókn málsins og gerði átta tillögur í öryggisátt :

1. The State of Registry / Operator is recommended to re-examine the content of the operator's CRM courses to ensure the following subjects are adequately addressed.
  - a. Decision analysis process at critical phases of flight
  - b. Mind perception
  - c. Lessons from past accidents/incident

Matsnefnd FÖS tekur undir tillöguna. Flugrekstrardeild hefur ýtt úr vör mun viðameira verkefni á sviði CRM sem felur m.a. í sér endurmat á innihaldi CRM námskeiðs Atlanta eins og tillaga Rannsóknarnefndarinnar leggur til. Sérfræðingur Flugmálastjórnar sem er með BA í sálfræði og MA í Human Factors mun leggja mat á námskeiðið.

2. The State of Registry / Operator is recommended to conduct further investigation as to the failure of incorporating Service Bulletin 2607081-32-030 Revision 3 dated 31st May 2001 by all concerned parties and to take the appropriate action.

Matsnefnd FÖS tekur ekki undir tillöguna eins og hún hljóðar enda er það val flugrekenda að fylgja

“Service Bulletins” og ekki hlutverk FÖS að framfylgja þeim. AAI ákvað að fara að tilmælum í umræddu SB og hefur bætt við “ultrasonic” skoðun á felgum þegar hjól eru til viðgerða á verkstæði. Þá hafa þeir farið að tilmælum framleiðanda samkvæmt CMM-32-45-01 og takmarkað notkunartíma felguhellinga við 10 ár. Matsnefndin styður þessar ráðstafanir AAI.

3. The State of Registry / Operator is recommended to conduct a comprehensive investigation in respect to the repeated incidents involving the operator's B747-200 fleet undercarriage and wheels to determine whether there is any correlation.

Matsnefnd FÖS tekur undir tillöguna. Viðamikil rannsókn fór fram með þátttöku felguframleiðandans á felgubrotunum sem leiddi ekki í ljós galla í felgunni en staðfesti þó að felgan hafi brotnað vegna álags. Önnur atvik hafa ekki verið rakin til sömu ástæðu. Hjól losnaði undan þegar ró á splittbolta losnaði. Fleiri rær fundust lausar í flotanum og kom í ljós að nylónlæsirær höfðu verið endurnýttar. Tæknideild AAI hefur brugðist við því á viðeigandi hátt.

4. The State of Registry / Operator is recommended to disseminate the appropriate information relating to this accident as much as possible for the purpose of preventing similar occurrences.

Matsnefnd FÖS tekur undir réttmæti þessarar tillögu í öryggisátt en telur aðgerðir ekki eiga við hér á landi þar sem Atlanta Icelandic er eini flugrekandinn í landinu sem er með Boeing 747-200 vélar í rekstri. Matsnefndin telur að Atlanta Icelandic hafi gert allt í sínu valdi til að læra af atvikinu auk þess sem Boeing og Allied Signal eru upplýstir um slysið og væntanlega þeirra verkferli að koma upplýsingum um atvikið til sinna viðskiptavina.

5. The state of Registry /Operator is recommended to ensure that the operator take the necessary steps to reemphasize in training that its cockpit crew respond to an emergency in accordance only with Standard Operating Procedures.



Matsnefnd FÖS tekur undir tillöguna. Air Atlanta gaf út minnisblað til flugáhafna, FLT-MO-2005-012, dagsett 9. nóvember 2005, þar sem brýnt var fyrir áhafnameðlimum að fara eftir SOP félagsins og tilkynnt um aukna áherslu á þetta í flughermum og línuflugum. Flugrekstrardeild FÖS hefur einnig haft þetta sérstaklega í huga við reglubundið eftirlit sitt.

6. The state of Registry /Operator is recommended to ensure that the operator reviews the Standard Practices Procedures adopted by its line maintenance provider in the use of watermist to cool hot and overheated brakes.

Matsnefnd FÖS tekur undir tillöguna. Sú aðferð að kæla bremsur með vatnsúða er ekki notuð á línuviðhaldsstöðvum AAI. Þessari aðferð er líst í handbókum Lufthansa sem kom að viðhaldi TF-ARR þó ekki hafi fengist staðfest að aðferðin hafi verið notuð á vélina. AAI hefur gert viðeigandi ráðstafanir til þess að þessi aðferð sé og verði ekki notuð á þeirra flugvélar.

7. The state of Registry /Operator is recommended to ensure that the operator urgently revises its procedures to ensure that all recommendations by the manufacturer issued through Service Bulletins are strictly complied.

Matsnefnd FÖS tekur ekki undir tillöguna enda er það val flugrekenda að fylgja "Service Bulletins" enda ekki hlutverk FÖS að sjá til þess að þeim sé framfylgt. Sjá lið 2.

8. The Airport Authority is recommended to ensure that the elevated approach lights and their supporting structures for the approach to Runway 12, which are located within the RESA for Runway 30 Are made frangible in accordance with the requirements of Annex 14.

Matsnefnd FÖS telur þessa tillögu ekki eiga við Flugmálastjórn Íslands né því eftirlitshlutverki sem stofnunin gegnir og tekur því ekki afstöðu til tillöguna.

## FLUGBRAUTIR SKOÐAÐAR MEÐ LEYSIGEISLABÚNAÐI



Jóhannes Tómasson

### Flugbrautir

Brak, rusl eða aðrir óæskilegir hlutir á flugbrautum geta verið flugvélum skeinuhættir og flugrekendur verða að geta treyst því að flugbrautum sé ávallt haldið tandurhreinum. Til þessa hefur mannsaugað að mestu annast eftirlit með torkennilegum hlutum á flugbrautum en tilraunir hafa verið gerðar með notkun ratsjár- og leysigeislabúnaðar til þessa eftirlits.

Á íslenskum flugvöllum er vinnulagið víðast þannig að flugbrautir eru skoðaðar reglulega auk þess sem flugmenn, sérstaklega atvinnuflugmenn, hafa augun opin og láta vita ef þeir sjá eitthvað gruggugt á flugbraut. Starfsmenn Flugstoða eða flugvallaslökkviliða aka um brautirnar oft á dag til að stugga við fugli, kanna hvort nokkrir aðskotahlutir liggi á flugbrautunum og hvort ljósabúnaður sé í lagi.

### Aðskotahlutir geta ógnað flugöryggi

Reynslan hefur sýnt að eitt og annað getur lent á flugbrautum sem ekki á þar heima. Geta það annars vegar verið hlutir úr flugvélum sem losna vegna bilana, fugl ber drasl inn á brautir eða rok feykir aðskotahlutum þangað. Allt slíkt getur valdið truflun á ferð flugvéla í flugtaki eða landingu og jafnvel leitt til óhapps eða slyss eins og dæmi eru um. Góðar girðingar geta að einhverju leyti komið í veg fyrir að aðskotahlutir berist inná flugbrautir

Mest umsvif að þessu leyti eru eðlilega á Keflavíkurflugvelli enda umferðin mest. Til skamms tíma

lagði varnarliðið ákveðnar línur og auk þess sem flugvallaslökkviliðið sá um hreinsun og eftirlit komu bandarískir hermenn einnig við sögu þegar herþotur áttu í hlut. Í dag er það flugvallarþjónustudeild sem sér um þessi verkefni en deildin tilheyrir flugvallarsviði vallarins. Samkvæmt reglum ber að líta eftir brautum eigi sjaldnar en þrisvar á dag en í reynd er það mun oftar. Farið er að reglum sem Flugmálastjórn hefur sett, alþjóðlegum reglum og síðan má segja að reynslan hafi einnig kennt ákveðin vinnubrögð.

Þannig eru brautir til dæmis skoðaðar eftir að stórar vélar hafa farið um, vélar með mikið vænghaf þar sem hreyflar eru mjög utarlega á brautum. Slíkar vélar geta feykt jarðvegi inná brautir, ekki síst þar sem þær beygja af akstursbraut inná flugbraut eða öfugt. Má nefna sem dæmi að þegar A380 flugvélin var í hliðarvindslendingaræfingum á vellinum fór „allt á kaf“ eins og starfsmaður vallarins orðaði það. Ekki er algengt að finna aðskotahluti á brautum Keflavíkurflugvallar en það kemur þó fyrir en aðallega er um að ræða jarðveg, mold og mól.

Í reynd eru því brautir Keflavíkurflugvallar skoðaðar kringum 10 sinnum á dag eða hátt í um fjögur þúsund sinnum á ári. Þá þarf að huga að fugli og hemlunarskilyrði eru einnig könnuð reglulega bæði í rigningartíð og þegar frystir. Hægt er að fylgjast með hitastigi með hitamælum á brautum sem gefa til kynna hvort hætta er á ísingu en jafnframt þarf að aka brautirnar og mæla skilyrðin til að sannreyna ástand þeirra.

Sem dæmi um vinnulag á öðrum flugvöllum má nefna að á Akureyrarflugvelli er meginreglan sú að skoða braut nánast fyrir hvert flugtak. Oftast fer einn maður um brautina í bíl en stundum tveir. Stuggað er við fugli og brautin sjálf skoðuð og kannað hvort logar á öllum brautarljósunum. Sami háttur er viðhafður á Ísafjarðarflugvelli, brautin skoðuð fyrir hvert flug. Fugl er iðulega á brautinni eða við hana og því þarf að stugga við honum fyrir hvert flugtak. Þá kemur fyrir að fuglinn beri ýmislegt dót inn á brautina og eru dæmi þess að flugvallarverðir hafi hirt þar upp öngla og jafnvel vasahnífa og annað sem fuglinn ber með sér. Þetta hefur þó minnkað með breyttri umhirðu við sorp og minni umsvifum við fiskvinnslu.

Flugbrautir Reykjavíkurflugvallar eru skoðaðar reglulega, helst á tveggja til þriggja tíma fresti. Eins og á Akureyri annast flugvallarslökkviliðið brautaskoðun og snjóruðning. Þá má nefna að hætta getur verið á því að aðskotahluti berist frá athafnasvæðum flugrekenda. Þannig gerðu eigendur Fluggarða gangskör að því í fyrravetur að hreinsa flughlöð þar og brýna fyrir mönnun snyrtillega umgengni.

Í þessu sambandi mætti einnig nefna varðandi Reykjavíkurflugvöll að með fyrirhuguðum byggingaframkvæmdum við vallarsvæðið gæti verið ástæða til að fylgjast sérstaklega vel með því að aðskotahlutir berist ekki þaðan inná flugbrautir.

Talið er að í Bandaríkjunum sé tjón af völdum drasls á flugbautum kringum 4 milljarðar bandaríkjadala á ári hverju en fyrir utan fjárhagstjón getur það stefnt öryggi flugvéla og þar með mannlífum í voða. Tilraunir með áðurnefndan ratsjár- og leysigeislabúnað hafa farið fram á flugvelli í Vancouver í Kanada en til að draga úr áhættu vegna braks á flugbrautum hefur að mestu verið notast við hefðbundið eftirlit sem felst meðal annars í akstri eftir flugbrautum og reglulegri sópun. Slíkt eftirlit, sem tíðkast meira og minna á öllum flugvöllum með þessum hætti, hefur farið fram fjórum sinnum á dag en þrátt fyrir það geta á annasömum dögum verið allt frá 86 til 356 flughreyfinga milli þess sem eftirlit fer fram.

#### **Staðan endurmetin**

Tveir atburðir urðu til þess að flugvallayfirvöld endurmátu stöðuna. Í annað skiptið var tilkynnt um vélarhlíf af þotuhreyfli á flugbraut. Kom í ljós að hlífín var af Airbus

þotu sem skömmu áður hafði farið frá flugvöllinum. Var henni snúið var við en á meðan höfðu 10 aðrar þotur farið í loftið. Hitt atvikið kom á daginn eftir eftirlitsferð að kvöldlagi og þar sem búíð var að tilkynna að brautin væri hrein. Þá lenti vél og ók yfir sívala allstóra stöng úr áli af Dash 8 vél. Það sem yfirvöld vildu endurskoða var hinn mannlegi þáttur í eftirlitinu og hversu ótt og títt það yrði að vera. Í þessu sambandi má minna á að aðalorsök þess að Concorde þota Air France fórst í París var að aðskotahlutur á flugbraut sem leiddi til þess að eldsneyti lak út og olli það eldsvoða sem grandaði þotunni.

Það sem truflað getur einbeitingu mannsins við eftirlit flugbrauta eru þreyta, radíósamskipti eða eftirrekstur við eftirlitið og síðan mismunandi skyggni og veðuraðstæður. Síðan er blátt áfram takmarkað hvað mannsaugað getur greint þegar ekið er eftir flugbraut og horft til beggja hliða. Allt þetta getur síðan takmarkast enn frekar þegar eftirlitið fer fram í myrkri.

Þar sem mest umferð er á alþjóðlegum flugvöllum geta verið landingar eða flugtök með einnar mínútu millibili. Það geta því verið 60 hreyfingar milli eftirlits ef það fer fram á klukkustundar fresti. Yfirvöld í Vancouver leituðu eftir tæknilausn og hafa verið gerðar tilraunir með notkun leysigeislanema og innrauðra myndavéla eða skanna sem beint er á flugbrautirnar.

Flugvöllurinn í Vancouver hefur tvær samsíða aðalbrautir þar sem um 99% umferðarinnar fer fram og þverbraut til vara. Var því ákveðið að sjálfvirku leitinni skyldi eingöngu beint á aðalbrautirnar tvær. Við hvora braut var komið fyrir tveimur skynjurum til að tryggja að þeir næðu yfir alla brautarlengdina. Þeir eru í rúmlega þriggja m háum turnum og senda þeir upplýsingar í stjórnstöð flugvallarins. Ef nemarnir skynja eitthvað torkennilegt á brautunum gefa þeir merki um hvar hluturinn er. Málið er þá athugað en að öðru leyti þarf ekki að fylgjast með allan tímann.

Búnaðurinn er allt að því þrjár mínútur að skanna flugbraut. Meginregla er að stöðva öll flugtök ef eitthvað sést á flugbraut. Flugvélar í einnar mílu fjarlægð fá að lenda en öðrum er haldið í bið. Síðan fara flugvallarstarfsmenn á staðinn og líða yfirleitt kringum 9 mínútur þar til hægt er að opna flugbaut að nýju. Fer helmingur tímans í að finna hlutinn og hreinsa brautina.

**Nákvæmar ábendingar**

Við tilraunir hefur búnaðurinn þegar numið torkennilega hluti á flugbraut áður en flugmenn eða vallarstarfsmenn hafa komið auga á hann og bent á hann með minna en þriggja metra fráviki. Að degi til hefur hann að meðaltali þrisvar á dag tilkynnt um hluti. Að næturlagi er önnur aðalbrautanna lokuð og þá hefur búnaðurinn tilkynnt „eitthvað“ sem yfirleitt hafa reynst vera dýr en það bíður frekari rannsóknar. Og dæmi var nefnt um nákvæmni búnaðarins þegar B747 þota blés grasvöndlum inn á flugbraut þegar hún ók út af henni eftir landingu. Voru þeir um 10 cm langir og örmjóir og búnaðurinn hefur einnig tilkynnt annan gróður sem var tekinn að gægjast uppúr malbikinu.

Niðurstaðan er sú að tæknibúnaður sem býður uppá sjálfvirkt eftirlit sem þetta þykir nákvæmara en aðgerðir mannsins eingöngu og til þess fallið að auka flugöryggi. Með því móti er þá einnig hægt að nýta mannafla, sem annars færi í slíkt eftirlit, til að auka og bæta annars konar öryggiseftirlit.

Yfirmenn Keflavíkurflugvallar hafa séð kynningu á hinum sjálfvirka búnaði og telja hann allrar athygli verðan. Hins vegar komi hann einkum að notum þar sem umferð er mjög mikil og ekki er unnt að aka brautirnar oft á dag á milli flugtaka. Slíkur búnaður hljóti að vera af hinu góða en hann komi þó aldrei alveg í stað eftirlits mannaugans.

Eftir Jóhannes Tómasson

Höfundur er upplýsingafulltrúi samgönguráðuneytis

## SKRÁÐ FLUGSLYS OG RANNSÖKUÐ FLUGATVIK SÍÐASTLIÐIN 10 ÁR

Í þessari skrá eru talin þau flugslys og flugatvik síðustu 10 ára, sem rannsökuð hafa verið. Þar er um að ræða atvik, er snerta loftför skráð á Íslandi og erlend loftför, sem hlekkst hefur á í íslenski lögsögu. Rannsókn alvarlegra flugatvika varð skyld með lögum nr. 35/2004 um rannsókn flugslysa. Slys í fallhlífarstökki og fisflugi eru ekki talin hér með. Þegar slík slys hafa orðið hefur rannsóknin verið framkvæmd af lögregluþvöldum, með tæknilegri aðstoð Flugmálastjórnar og/eða RNF.

Ó/L=Ómeiddir /Lítið meiddir S=Slasaðir D=Dánir

Ár	Dags.	Skrás. merki	Tegund loftf.	Málsatvik í stuttu máli og slysstaður	Ó/L	S	D
1997	07.02	TF-FTG	CA152	Rann í landingu út af hlið brautar í Reykjavík og inn á öryggissvæðið.	1	-	-
	23.02	TF-BAB	C140A	Ók á hindrun á fluglaði á Reykjavíkflugvelli.	1	-	-
	09.03	UR76687	IL76MA	Flugvél frá flugher Úkraínu var hætt komin í landingu á Keflavíkflugvelli.	16	-	-
	04.04	TF-ABR	B747-100	Lá nærri að flugmenn misstu stjórn á flugvélinni í farflugi yfir N-Ítalíu.	17	-	-
	05.04	TF-CCP	Yak52	Spann í sjóinn og fórst út af Straumsvík.	-	-	2
	22.04	TF-EGU	PA31-350	Rafmagnseldur á flugi til Egilsstaða. Var slökktur nærri strax.	2	-	-
	22.04	OY-AUT	PA31P	Erlend flugvél brotlenti við enda flugbrautar 14 á Reykjavíkflugvelli.	2	-	-
	24.04	TF-JVB	C402B	Nefhjólsluggur kiknaði í akstri eftir landingu í Freysnesi, Örnæfum.	6	-	-
	13.05	TF-JMD	DHC6-300	Skemmdist smávegis í landingu á kolli Grænlandsjökuls.	6	-	-
	25.05	TF-FKM	PA18-135	Brotlenti á flugbraut við Litla-Odda nálægt Hellu.	1	-	-
	01.06	TF-FTL	C152	Nauðlenti eftir hreyfilbilun á túni við Grafarvog.	2	-	-
	23.06	TF-UNG	C150	Nauðlenti eftir hreyfistöðvun og fór á bakið við Selfossflugvöll.	1	-	-
	26.06	TF-ABC	Zlin-326	Lenti með hjólin uppi á Tungubakkaflugvelli, Mosfellsbæ.	1	-	-
	28.06	TF-NPK	C47A	Hlekkist á í flugtaki af flugbraut við Sandárstokka við Blöndulón.	2	-	-
	30.06	TF-FID	B737-400	Loft lak úr þremur aðalhjólum eftir að hætt var við flugtak af Kastraupflugvelli.	164	-	-
	02.07	TF-JMD	DHC6-300	Flugverji meiddist í landingu á Grænlandsjökli.	6	1	-
	30.07	TF-FTE	C152	Brotlenti á Reykjavíkflugvelli.	1	-	-
	02.08	TF-DUK	Jodel DR220	Hlekkist á í flugtaki við Grímsstaði á Fjöllum.	2	-	-
	16.08	TF-JML	SA227-DC	Skemmdist í mikilli ókyrrð yfir Ísafjarðardjúpi.	21	-	-
	14.09	TF-HHD	AB206BII	Fórst í verkflugi í Hamarsfirði, S-Múlasýslu.	-	-	1
29.09	RCAF	CL60	Rann út af akbraut í akstri eftir landingu á Keflavíkflugvelli.	6	-	-	
21.01	TF-FII	B757-200/ Óþekkt 2 hreyfla	TF-FII vék af flugferli vegna nálgunar flugvélar við Baltimore.	190	-	-	
1998	20.11	TF-ABW	B747-100	Rann út af flugbraut í flugtaki af Charles deGaulle flugvelli við París.	7	-	-
	07.03	TF-KLM	C172N/ TF-TWO	Flugvélarnar snertust á lokastefnu fyrir landingu á flugvelli á Tungubökkum í Mosfellsbæ.	1	-	-
		TF-TWO	C150L				

02.03	TF-BKB	C177	Nauðlenti eldsneytislaus á Nesjavallavegi á Mosfellsheiði. Vængendi rakst í umferðarskilti og skemmdist.	2	-	-
03.03	TF-ABL	B747-300/ Saudia L1011	Flugumferðaratvik við Jeddah í Saudi Arabíu.	123	-	-
10.03	TF-JML	SA227-DC	Alvarleg bilun kom fram í hæðarstýrisstilli flugvélarinnar fyrir flug.	21	-	-
04.04	D-AGYA	B767-300	Eldur á flugi í hitaelementi við neyðarútgang í farþegaklefa á flugi. Flugvélinni var snúið til varúðarlendingar á Keflavíkurflugvelli.	291	-	-
15.04	TF-ABO	B747-100	Flugumferðaratvik við Khartoum í Súdan.	476	-	-
27.04	TF-JMK	SA227-AC	Í akstri og í myrkri rákust skrúfublöð vinstra hreyfils í tréstaun sem notaður var til að merkja akbraut.	2	-	-
30.05	TF-SRM	S108-2	Í lágflugi eftir flugtak rakst annað aðalhjól í höfuð áhorfanda.	1	1	-
09.06	TF-NPK	C47A	Eldur kom upp í hægri hreyfli á flugi og var nauðlent á Selfossflugvelli.	5	-	-
22.06	TF-FIR	F27-Mk050	Flugmenn fengu og stilltu inn rangar upplýsingar um loftþrýsting fyrir aðflug að Húsavíkurflugvelli.	18	-	-
23.06	TF-ICI	C150	Rann tvisvar í röð út af braut í snertilendingum á Reykjavíkurflugvelli.	1	-	-
28.06	TF-AGN	Avid Flyer	Fór á bakið í flugtakstilraun í Fljótavík á Hornströndum.	2	-	-
30.06	TF-FTL	C152	Nauðlenti eldsneytislaus á Tungubakkaflugvelli í Mosfellsbæ.	2	-	-
10.07	TF-EGD	PA38-112	Nauðlenti á Stykkishólmsflugvelli eftir hreyfilbilun á flugi.	1	-	-
18.07	TF-KJO	PA20	Brotlenti eftir flugtakstilraun af Tungubakkaflugvelli í Mosfellsbæ.	2	-	-
19.07	N42PG	Lear 24D	Rann út af flugbraut í landingu á Keflavíkurflugvelli.	3	-	-
26.07	N56LE	FH227B	Hægra aðalhjól féll upp í landingarbruni á Keflavíkurflugvelli.	2	-	-
27.07	TF-ABV	L1011-385	Eldur í handfarangri farþega um borð fyrir flugtak í Alicante á Spáni.	350	-	-
29.07	TF-FII	B757-200	Kviknaði í raftengi fyrir sjónvarpsskjá á flugi.	223	-	-
05.08	TF-ABD	L1011-385	Hlíf (non-structural panel) losnaði af flugvélinni og féll til jarðar, skömmu eftir brottför frá Manchester í Bretlandi.	247	-	-
09.08	TF-ABR	B747-100/ C-FTDA	Flugumferðaratvik við Havana á Kúbu.	450	-	-
		A300		186	-	-
10.08	N8423T	PA32-301	Fórst í Kambhorni við Hornskriður austan Hornafjarðar.	-	-	3
15.08	ISB-700	DO228-202/ FXI-320	Flugumferðaratvik sunnan við radíóvitann NB.	-	-	-
13.09	TF-VEL	TB10	Brotlenti eftir flugtak af Bakkaflugvelli í Landeyjum.	-	3	-
30.09	TF-ABT	L1011-385	Hlíf af loftræstikerfi féll af flugvélinni og olli m.a. skemmdum á hreyfli.	303	-	-
15.11	EI-BNA	DC8-63	Eitt hægra aðalhjól féll af flugvélinni í flugtaki af Keflavíkurflugvelli.	8	-	-
19.12	TF-HHG	Bell 206-L1	Farþegi opnaði dyr á flugi og missti myndbandsökuvél fyrir borð.	4	-	-
21.12	N33TV	P68C	Bilun í hæðarstýrisstilli og alvarleg vandamál við stjórn loftfarsins. Nauðlent á Reykjavíkurflugvelli.	1	-	-
03.01	TF-JMG	PA31-350	Eldur í hreyfli á flugi eftir brottför frá Egilsstöðum.	7	-	-
10.01	TF-ABG	B747-100/ Ókunn	Flugumferðaratvik við Algeirs í Alsír.	500	-	-
15.02	TF-ELH	DO228-201	Drapst á öðrum hreyfli í klifri frá Sauðárkróki í myrkri og snjókomu.	13	-	-
20.02	TF-FKM	PA18-135	Rak nefið niður í lok landingarbruns.	1	-	-
08.03	TF-BAB	C140A	Fór á bakið í flugtaksbruni af Sandskeiði.	1	-	-
22.02	TF-FIS	F27-Mk050/ TF-TOA	Flugumferðaratvik við radíóvitann RK við Reykjavík.	32	-	-
		PA28R-200		2	-	-
11.03	TF-ABG	B747-100/ Ókunn	Flugumferðaratvik við Libreville í Gabon.	500	-	-
21.03	TF-MYA	C152	Rann út af flugbraut í landingu á Reykjavíkurflugvelli.	1	-	-
22.04	TF-FKM	PA18-135	Brotlenti við Fitjar á Kjalarnesi er hreyfill missti afl eftir flugtak.	-	1	-
15.05	TF-API	C152	Ók á hindrun á leið frá flugskýli að fluglaði á Akureyrarflugvelli.	1	-	-

	04.06	TF-ULV	Jodel DR1050	Stélkastaðist í landingu. Festingar hjólaleggs skemmdust.	1	-	-
	06.06	TF-REF	Jodel D140	Nauðlending á Tungubökkum eftir að smurólía hreyfils lak út á flugi.	2	-	-
	08.06	TF-JMD	DHC6-300	Rann út af flugbraut í landingu í Zackenberga á Grænlandi.	2	-	-
	09.06	TF-ROB	Jodel DR221	Loftskrúfan rakst niður í akstri á Reykjavíkflugvelli.	1	-	-
	09.06	TF-TUG	PA25-235	Loftskrúfa rakst niður í akstri á Sandskeiðsflugvelli.	1	-	-
